



**Borgarholtsskóli**  
bókmennt • handmennt • siðmennt

## Umbótaáætlun Borgarholtsskóla skólaárið 2016-17

Umbótaáætlun Borgarholtsskóla fyrir skólaárið 2016-17 er í sex liðum og eru fyrstu fimm umbótaþættirnir hinir sömu eða hliðstæðir og á síðasta skólaári.

- 1) Umsjónarkerfi skólans
- 2) Lýðræði nemenda
- 3) Heilsuefling
- 4) Mötuneyti skólans
- 5) Námsþing Borgarholtsskóla
- 6) Einelti meðal starfsfólks

### 1. Umsjónarkerfi skólans

Frá hausti 2014 hafa ekki allir eldri nemendur haft fastan umsjónarkennara. Þetta hefur leitt til þess að ráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur dregist saman.

A. 50% eldri nemenda telja sig hafa greiðan aðgang að umsjónarkennaranum sínum.

B. 34% telja að umsjónarkennarinn fylgist með námsferli.

C. 26% telja að umsjónarkennarinn hafi frumkvæði að samskiptum.

#### Markmið

Til verði umsjónarkerfi sem öllum er ljóst hvernig virkar og sátt er um. Sjá í þessu samhengi: a) Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla, 1100/2007, 7. gr. b) Samkomulag KÍ og fjármálaráðherra, 1. apríl 2015, 2. grein. c) Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskóla.

#### Hvað þarf til?

Samráð og samkomulag stjórnenda og kennara.

#### Hver ber ábyrgð á aðgerðum?

Stjórnendur og kennarar.

#### Upphafsdagsetning aðgerða

Október 2016.

#### Mat á framvindu fer fram

Febrúar 2017.

#### Áætluð lok umbótaverkefnis

Maí 2017.

#### Viðmið um árangur að verki loknu

Sátt sé um umsjónarkerfið. Viðhorfskannanir nemenda sýni aukna ánægju nemenda með umsjónarkerfið.

## Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?

Með viðhorfskönnun.

## 2. Lýðræði nemenda

Könnun meðal nemenda leiddi í ljós að þeir telja sig ekki geta haft mikil áhrif á nám sitt og málefni skólans. Farvegur fyrir áhrif og umbætur nemenda virðist ekki jafn opinn nú og áður. Nauðsynlegt er að bæta menningu Borgarholtsskóla að þessu leyti enda í samræmi við framhaldsskólalög, aðalnámskrá framhaldsskóla og stefnuskrá skólans að efla lýðræðisvitund og áhrif nemenda.

### Markmið

Að efla áhrif og lýðræði nemenda með tiltækum leiðum.

### Aðferðir

Efla þarf vitund nemenda um nemendaráð og áhuga þeirra á þátttöku í félagsstörfum. Skólinn efni til a.m.k. eins fundar á hverju skólaári með nemendum með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ líkt og gert var fyrir tveimur árum í skólanum og þótti takast vel. Leita skal leiða til að efla þátttöku í skólafundum, t.d. með því að halda skólafundi í brautum skólans. Lögð skal áhersla á að hvetja til opinnar umræðu og virkrar hlustunar í skólastarfi á sjónarmið nemenda um áherslur, fyrirkomulag, álag og kröfur.

### Hvað þarf til?

Fræðslu, hvatningu og að virkja tiltækar leiðir til lýðræðisumbóta meðal annars meðal annars með sérstökum áfanga í

### Hver ber ábyrgð á aðgerðum?

Stjórnendur, nemendaráð, nemendur og kennarar.

### Upphafsdagsetning aðgerða

Október 2016

### Mat á framvindu fer fram

Febrúar 2017

### Áætluð lok umbótaverkefnis

Maí 2017

### Viðmið um árangur að verki loknu

Að hærra hlutfall nemenda telji sig geta haft áhrif á umhverfi sitt og starfsaðstæður í skólanum.

### Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?

Þátttaka nemenda í lýðræðisfundi. Niðurstöður úr viðhorfskönnun.

## 3. Heilsuefling gegn kvíða, streitu og álagi

Fram kemur í viðhorfskönnun nemenda að ríflega þriðjungur þeirra finnur fyrir kvíða, hefur áhyggjur af fjármálum sínum og/eða finnst að vinna með námi bitni á skólanum.

## **Markmið**

Að efla andlegt heilbrigði og varnir gegn streitu, kvíða og álagi.

## **Aðferðir**

Skipulögð verði fræðsla fyrir nemendur og foreldra um streitu, álag, forgangsröðun verkefna og hollan lífsstíl. Kannaðir verði með formlegum hætti möguleikar á að nýta sannprófaðar aðferðir til að draga úr streitu, spennu, kvíða og þunglyndi nemenda. Kannaðir verði möguleikar á að auðvelda nemendum að nýta sér þjónustu sérfræðinga og ráðgjafa á þessu sviði. Tryggt verði að nemendur eigi ávallt kost á hreinni, lífrænni og hollri fæðu í mótuneyti skólans á hóflegu verði.

## **Hvað þarf til?**

Hvatningu til kennara um fræðslu í kennslustundum auk ráðgjafar og þjónustu sérfræðinga.

## **Hver ber ábyrgð á aðgerðum?**

Skólastjórnendur, heilsuteymið, forvarnarteymið, námsráðgjafar, nemendur og kennarar.

## **Upphafsdagsetning aðgerða**

14. október 2016 – Heilsudagur BHS

## **Mat á framvindu fer fram**

Febrúar 2017.

## **Áætluð lok umbótaverkefnis**

Maí 2017.

## **Viðmið um árangur að verki loknu**

Færri nemendur (10% færri) finni fyrir kvíða og fjárhagsáhyggjum og telji vinnu sína bitna á náminu. Færri veikindadagar. Aukin sala (10% meiri) í mótuneyti skólans. Meira framboð af hollum mat á viðráðanlegu verði.

## **Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?**

Með viðhorfskönnun meðal nemenda og niðurstöðum athugana á færum leiðum til að draga úr streitu, kvíða og áhyggjum nemenda.

## **4. Mötuneyti skólans**

Aðeins 58% nemenda telja matinn í mótuneyti skólans góðan. Margar skriflegar athugasemdir hafa komið fram í viðhorfskönnunum nemenda um hollustu, fjölbreytni og einkum of hátt verð í mótuneytinu.

## **Markmið**

Að bæta fjölbreytni, hollustu, gæði og verð í mótuneyti skólans.

## **Aðferðir**

Fylgst verði með framboði, gæðum og verði í mótuneytinu. Hafðir verði til hliðsjónar mælikvarðar um þjónustuna, fjölbreytni, hollustu og verð. Þjónustuaðili hafi þau viðmið sem skólinn setur að leiðarljósi enda byggi þau á viðurkenndum mannelddissjónarmiðum.

## **Hvað þarf til?**

Heilsuteymið hefur eftirlit með og setur fram kröfur um gæði matarins og á í samvinnu og samræðu við rekstraraðila mótuneytis um framboð, gæði og verð.

### **Hver ber ábyrgð á aðgerðum?**

Heilsuteymi, skólastjórnendur og rekstraraðilinn ISS.

### **Upphafsdagsetning aðgerða**

Október 2016.

### **Mat á framvindu fer fram (dagsetning)**

Febrúar 2017.

### **Áætluð lok umbótaverkefnis**

Maí 2017.

### **Viðmið um árangur að verki loknu**

Fleiri nemendum en áður finnist maturinn í mötuneytinu góður. Fleiri nemendur kaupi mat í mötuneytinu. Færri athugasemdir komi fram varðandi litla fjölbreytni, óholltustu og of hátt verð.

### **Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?**

Með samanburði á niðurstöðum nemendakönnunar frá síðasta ári. Heilsuteymi geri skýrslu þar sem framboð, gæði og verð í mötuneytinu er metið.

## **5. Námsumsjónarkerfi**

Ríflega 60% nemenda telja sér ganga vel að nýta sér námsumsjónarkerfi skólans.

### **Markmið**

Að auðvelda nemendum að nýta sér námsumsjónarkerfi skólans.

### **Aðferðir**

Kannað verði hvað veldur því að aðeins 60% nemenda telja að sér gangi vel að nýta sér námsþing skólans með könnunum og/eða með því greina frekar upplýsingar úr log-skrám. Skoðað verði hvaða námsumsjónarkerfi henti best.

### **Hvað þarf til?**

Gerð verði sérstök athugun á notkun námsþingsins (Moodle) meðal kennara og nemenda. Einnig verði gerð sambærileg athugun á möguleikum Innu sem námsumsjónarkerfis. Unnin verði greinargerð um styrkleika námsumsjónarkerfanna og möguleika til samþættingar þeirra.

Gerð verði áætlun og viðmið sett um notkun námsþingsins og kennslu í notkun þess. Vinnulagsregla um sundurliðun og birtingu einkunna í Innu verði gerð og henni framfylgt.

### **Hver ber ábyrgð á aðgerðum?**

Stjórnendur, umsjónarmaður námsumsjónarkerfa, verkefnisstjóri dreifnáms, áfangastjórar, kennarar.

### **Upphafsdagsetning aðgerða**

Janúar 2017.

### **Mat á framvindu fer fram**

Júní 2017.

## Áætluð lok umbótaverkefnis

Júní 2018.

### Viðmið um árangur að verki loknu

Fleiri nemendur (10% prósentustigum fleiri) telji að sér gangi vel að nýta sér námumsjónarkerfi skólans.

### Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?

Með niðurstöðum könnunar á notkun námsumsjónarkerfa. Með árlegri viðhorfskönnun nemenda.

## 6. Einelti meðal starfsmanna

### Markmið

Í starfsmannakönnun sem gerð var vor 2016 kom í ljós að 17% þeirra sem svöruðu töldu sig hafa orðið fyrir einelti (11% sögðust sammála og 6% nokkuð sammála). Markmiðið er að draga úr og uppræta einelti.

### Aðferðir

Í skólanámskrá Borgarholtsskóla er skýr lýsing á viðbrögðum og ferli eineltismála. Viðbragðsáætlun varðandi einelti gegn starfsfólki er svo:

1. *Vitneskja berst um einelti á vinnustað til starfsfólks skólans. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.*
2. *Meintur þolandi eða þriðji aðili leggur fram kvörtun / ábendingu til jafnréttistrúnaðarmanns eða skólameistara.*
3. *Jafnréttistrúnaðarmaður vinnur úr málinu. Ef málið leysist ekki fer það til skólameistara.*
4. *Skólameistari vinnur úr málinu.*
5. *Skólameistari ræðir við meintan þolanda og geranda og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið.*
6. *Málsaðilar gera sáttumleitan sín á milli og málið er leyst innan skólans.*
7. *Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur að mati skólameistara þá koma eftirtalin úrræði til greina:*
  - *einelti tilkynnt til Vinnueftirlitsins*
  - *aðstoð fengin frá utanaðkomandi sérfræðingi í eineltismálum*
  - *leita aðstoðar og ráðgjafar hjá viðkomandi stéttarfélagi*
  - *máli vísað til lögreglu*

Skólastjórnendur hvetja starfsmenn til að vinna að því að uppræta einelti með því að vinna í samræmi við þessa áætlun.

Í nýrri reglugerð Velferðarráðuneytis nr. 1009/2015 eru lagalegar skyldur varðandi aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum áréttáðar. Vegna framkominna vísbendinga um hátt hlutfall eineltis innan skólans einsetur skólinn sér að fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar um úrbætur til hins ýtrasta. Fela skal öryggisnefnd að gera tillögur að úrbótum í samræmi við ofangreinda reglugerð.

### Hvað þarf til?

Framfylgja reglugerð Velferðarráðuneytis.

### Hver ber ábyrgð á aðgerðum?

Öryggisnefnd og skólastjórnendur.

### Upphafsdagsetning aðgerða

Október 2016.

**Mat á framvindu fer fram**

Janúar 2017.

**Áætluð lok umbótaverkefnis**

Maí 2017.

**Viðmið um árangur að verki loknu**

Færra starfsfólk telji sig verða fyrir einelti.

**Hvernig er árangur mældur að verkefni loknu?**

Með könnun meðal starfsfólks.